

Viðskiptavakar skulu fylgjast með öllum vísbendingum um óeðlilegt atferli að því er varðar umfang, tíðni og frágang viðskipta og tilkynna Seðlabankanum um slíkt verði þeir þess áskynja og enn fremur um hvaðeina annað sem óeðlilegt gæti talist.

14. gr.

Uppsögn viðskiptavaka og viðurlög.

Viðskiptavaki, sem hyggst segja upp aðild að millibankamarkaði samkvæmt reglum þessum, skal tilkynna Seðlabanka Íslands þá ákvörðun skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Telji Seðlabanki Íslands að viðskiptavaki standi ekki við skuldbindingar samkvæmt reglum þessum getur bankinn svipt hann rétti til viðskipta við sig.

15. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 8. júlí 1997. Jafnframt falla þá úr gildi Reglur um gjald-eyrismarkað frá 19. maí 1993.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við upphaf viðskipta samkvæmt framanskráðum reglum eru markaðsaðilar þessir auk Seðlabanka Íslands: Búnaðarbanki Íslands, Íslandsbanki hf., Landsbanki Íslands, og Spari-sjóðabankinn hf.

Hámarksgengisbil, sbr. 9. gr. skal í upphafi vera 5 aurar á Bankaríkjadal og samsvarandi hlutfallslega á öðrum gjaldmiðlum.

Samkomulag er um að í upphafi verði notast við upplýsingakerfi Reuter vegna leiðbeinandi verðtilboða sbr. 4. gr. og Reuter-mail vegna upplýsingagjafar skv. 5. gr.

Reykjavík, 1. júlí 1997.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Að biðskylda verði á Barkarvogi við mót Holtavegar.
2. Að biðskylda verði á Reykjahlíð við mót Flókagötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. júní 1997.

Stefán Hirst,

e. u.